



Mótsreglur

Landsmót skáta 2024

1. Skátalögin og Æskulýðsslög eru lög mótsins.
2. Mótsgestum ber að vera á mótssvæðinu meðan á móti stendur, nema ef um skipulagða dagskrá á vegum mótsins er að ræða. Sérstaka heimild mótsstjórnar þarf til að yfirgefa mótssvæðið.
3. Alger kyrrð skal ríkja á mótssvæðinu eftir 11 á kvöldin til 8 á morgnana. Öll skulu vera komin í sína tjaldbúð hálfri klukkustund eftir að formlegri dagskrá lýkur.
4. Reykingar og nikótín notkun eru með öllu óheimil.
5. Neysla áfengis eða vímuefna er með öllu óheimil á mótssvæðinu og varðar brottrekstri án undantekninga.
6. Við setningu, slit og aðrar hátíðlegar athafnir skulu öll vera í skátabúning. Frá mótssetningu til mótsslita skulu öll að lágmarki bera mótsklút.
7. Eld má ekki kveikja nema á þar til gerðum eldstæðum.
8. Umferð farartækja um mótssvæðið er óheimil nema með leyfi mótsstjórnar.
9. Mótsgestir eru bundin af reglum mótsins frá því þau koma á mótssvæðið og þar til þau yfirgefa það að móti loknu.
10. Það er á ábyrgð fararstjóra að sjá til þess að reglur þessar séu haldnar og að mótsgestir fari í einu og öllu eftir fyrirmælum mótsstjórnar.